



# Keppni yngri flokka KKÍ

## Ítarefni 27. janúar 2021

### Almennt

Þetta efni er viðbót við [Reglur um framkvæmd æfinga og keppni aðildarféлага KKÍ og HSÍ](#) og snúa að mótum og leikjum yngri flokka.

Það er nauðsynlegt að reglunum sé fylgt í þaula, en minnt er á að það leyfi sem íþróttahreyfingin hefur til æfinga og keppni er undanþága frá almennum sóttvarnarreglum. Ábyrgð íþróttahreyfingarinnar og þeirra er innan hennar starfa er því mikil.

### Leikvellir

Hver keppnisvöllur telst vera eitt hólf og skal hann hafa sérinngang og salernisaðstöðu. Loka þarf fyrir gönguleiðir yfir á aðra keppnisvelli/hólf þannig að samgangur sé ekki mögulegur. Séu fleiri en einn riðill leikinn í sama íþróttahúsi skal hver riðill spilaður í einu hólf og kláraður áður en næsti riðill hefst.

### Áhorfendur

**Það er áhorfendabann á öllum kappleikjum.**

Enga undanþágu er hægt að veita fyrir áhorfendum á kappleikjum eða æfingum. Engu máli skiptir hver aldur þátttakenda er, engir áhorfendur eru leyfðir. Þetta er með öllu ófrávíkjanleg regla.



## Fjölliðamót

### Almennt

Við núverandi takmarkanir geta mest fjögur lið verið á keppnissvæði á leikstað. Séu fjölliðamót haldin í heild sinni á einum leikstað þarf því að takmarka viðkomandi riðla við fjögur félög. Allt svæði íþróttahúss (leikvöllur, áhorfendaskvæði, önnur svæði inni í sal eða svæði sem veita aðgang að sal og búningasklefar) telst vera keppnissvæði. **Það er áhorfendabann á öllum kappleikjum.**

### Listi yfir keppnissvæði (hámark 50)

Leikmenn á grunnskólaaldri telja með í fjölda skv. 5. gr. reglugerðar um takmarkanir á samkomum. Hámarksfjöldi leikmanna í hverju liði eru 9 (7 í minnibolta).

36	leikmenn (4 lið * 9 leikmenn)   (35 leikmenn í minnibolta, 5 lið * 7 leikmenn)
4	starfsmenn liða (1 starfsmaður á lið * 4 lið í riðli)   (1 starfsmaður á lið * 5 lið í riðli)
2	dómarar
3	á ritarabörð
1	umsjónarmaður mótshaldara
2	streymi frá heimaliði

Samtals: 48 (50 í minnibolta)

**ATH. hverju liði má aðeins fylgja 1 starfsmaður (þjálfari eða liðsstjóri). Hámarksfjöldi liða í riðli er 4. Ekki er heimilt að skipta út einu hlutverki fyrir annað, þó rými sé til þess í viðkomandi hólfi.**

### Viðvera

Liðin mæti ekki meira en 30 mínútum fyrir fyrsta leik og yfirgefa íþróttahúsið strax eftir seinasta leik.

### Sóttvarnir - Þrif

Þegar hverjum riðli er lokið skal sótthreinsa alla snertifleti (huga sérstaklega að hurðarhúnum, varamannabekkjum). Við alla innganga skal tryggja aðgang að sótthreinsandi vökva fyrir hendur og eins víða um rými og talin er þörf á. Hvatt er til góðs samráðs við umsjónarmenn íþróttamannvirkja um umgengni og þrif mannvirkja.

### Skráning/rakning

Starfsmenn liða skulu skila nafnalista í tölvupósti til sóttvarnarfulltrúa mótshaldara daginn áður en mótið hefst með CC á kki@kki.is. Þar skulu koma fram nöfn og kennitölur leikmanna og nöfn og símanúmer forráðamanna þeirra sem mæta á mótið. Auk þess skal vera nafn og símanúmer starfsmanns liðsins.

**Lið sem ekki hafa skilað inn nafnalista geta ekki hafið leik í mótinu.**

Mótshaldarar skulu halda lista yfir alla starfsmenn mótsins og við hvaða riðla þeir hafa starfað.

### Veitingasala

Mótshaldarar ættu ekki að útvega veitingar fyrir starfsfólk, keppendur eða aðra þátttakendur. Allar veitingar sem einstaklingar taka með sér ættu að vera í lokuðum umbúðum. Óheimilt er að deila drykkjarílátum eða mataráhöldum með öðrum einstaklingum. Vatnsbrúsar og önnur drykkjarílát eiga að vera merkt.



## Íslandsmót minnibolta 10 og 11 ára

### Almennt

Við núverandi takmarkanir geta mest fimm lið verið í hverju hólfi á leikstað. Allt svæði íþróttahúss (leikvöllur, áhorfendaskvæði, önnur svæði inni í sal eða svæði sem veita aðgang að sal og búningasklefar) telst vera keppnissvæði. **Það er áhorfendabann á öllum kappleikjum.**

### Listi yfir keppnissvæði (hámark 50)

Leikmenn á grunnskólaaldri telja með í fjölda skv. 5. gr. reglugerðar um takmarkanir á samkomum. Hámarksfjöldi leikmanna í hverju liði eru 7 í minnibolta. Þessi fjöldi gildir um hvert hólf.

35	leikmenn (5 lið * 7 leikmenn)
5	starfsmenn liða (1 starfsmaður á lið * 5 lið í riðli)
2	dómarar
2	á ritaraborði
1	umsjónarmaður mótshaldara
2	streymi frá heimaliði

Samtals: 47

**ATH. hverju liði má aðeins fylgja 1 starfsmaður (þjálfari eða liðsstjóri). Hámarksfjöldi liða í riðli er 5. Ekki er heimilt að skipta út einu hlutverki fyrir annað, þó rými sé til þess í viðkomandi hólfi.**

### Viðvera

Liðin mæti ekki meira en 30 mínútum fyrir fyrsta leik og yfirgefa íþróttahúsið strax eftir seinasta leik.

### Sóttvarnir - Þrif

Þegar hverjum riðli er lokið skal sótthreinsa alla snertifleti (huga sérstaklega að hurðarhúnum, varamannabekkjum). Við alla innganga skal tryggja aðgang að sótthreinsandi vökva fyrir hendur og eins víða um rými og talin er þörf á. Hvatt er til góðs samráðs við umsjónarmenn íþróttamannvirkja um umgengni og þrif mannvirkja.

Mikilvægt er að mótin séu skipulögð þannig að gefinn sé tími í þrif áður en keppni í næsta riðli hefst.

### Skráning/rakning

Starfsmenn liða skulu skila nafnalista í tölvupósti til sóttvarnarfulltrúa mótshaldara daginn áður en mótíð hefst með CC á kki@kki.is. Þar skulu koma fram nöfn og kennitölur leikmanna og nöfn og símanúmer forráðamanna þeirra sem mæta á mótíð. Auk þess skal vera nafn og símanúmer starfsmanns liðsins.

**Lið sem ekki hafa skilað inn nafnalista geta ekki hafið leik í mótinu.**

Mótshaldarar skulu halda lista yfir alla starfsmenn mótsins og við hvaða riðla þeir hafa starfað.

### Veitingasala

Mótshaldarar ættu ekki að útvega veitingar fyrir starfsfólk, keppendur eða aðra þátttakendur. Allar veitingar sem einstaklingar taka með sér ættu að vera í lokuðum umbúðum. Óheimilt er að deila drykkjarilátum eða mataráhöldum með öðrum einstaklingum. Vatnsbrúsar og önnur drykkjarilát eiga að vera merkt.



## Deildarleikir

### Almennt

Í deildarleikjum yngri flokka gilda eftirfarandi reglur. Þessar reglur ná líka til stakra leikja, hvort sem um er að ræða staka leiki í fjölliðamótum eða æfingaleikja milli félaga. Allt svæði íþróttahúss (leikvöllur, áhorfendasvæði, önnur svæði inni í sal eða svæði sem veita aðgang að sal) telst vera keppnissvæði. **Það er áhorfendabann á öllum kappleikjum.**

### Listi yfir keppnissvæði [hámark 38]

Leikmenn á grunnskólaaldri telja með í fjölda skv. 5. gr. reglugerðar um takmarkanir á samkomum. Hámarksfjöldi leikmanna í hverju liði eru 12 í deildarleikjum og öðrum stökum leikjum. Leikmenn utan skýrslu skulu ekki vera á keppnissvæði.

24	leikmenn (2 lið * 12 leikmenn)
4	starfsmenn liða (2 starfsmenn á lið * 2 lið)
2	dómarar
3	á ritaraborði
2	tölfræði
1	umsjónarmaður leiks
2	streymi frá heimaliði

Samtals: 38

**ATH. hverju liði má aðeins fylgja 2 starfsmenn (þjálfari/liðsstjóri). Hámarksfjöldi liða í hólfi eru 2. Ekki er heimilt að skipta út einu hlutverki fyrir annað, þó rými sé til þess í viðkomandi hólfi.**

### Viðvera

Liðin mæti ekki meira en 40 mínútum fyrir fyrsta leik og yfirgefa íþróttahúsið strax eftir leik.

### Sóttvarnir - þrif

Þegar hverjum leik er lokið skal sótthreinsa alla snertifleti (huga sérstaklega að hurðarhúnum, varamannabekkjum). Við alla innganga skal tryggja aðgang að sótthreinsandi vökva fyrir hendur og eins víða um rými og talin er þörf á. Hvatt er til góðs samráðs við umsjónarmenn íþróttamannvirkja um umgengni og þrif mannvirkja.

Mikilvægt er að leikir séu skipulagðir þannig að gefinn sé tími í þrif áður en næsti leikur eða æfing hefst.

### Skráning/rakning

Starfsmenn liða skulu hafa allar upplýsingar um þátttakendur í kappleik á reiðum höndum. Umsjónarmaður leiks skal vera með nöfn og símanúmer þeirra starfsmanna er starfa á heimaleikjum.

### Veitingasala

Mótshaldarar ættu ekki að útvega veitingar fyrir starfsfólk, keppendur eða aðra þátttakendur. Allar veitingar sem einstaklingar taka með sér ættu að vera í lokuðum umbúðum. Óheimilt er að deila drykkjarilátum eða mataráhöldum með öðrum einstaklingum. Vatnsbrúsar og önnur drykkjarilát eiga að vera merkt.